



Reykjavík 3. febrúar 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir skipa, mál 185

Hinn 20. janúar sl. barst Samtökum ferðapjónustunnar – SAF beiðni um umsögn um tillögu um frumvarp til laga um áhafnir skipa. Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi, mál 701. Með frumvarpinu er gerð tillaga um ný heildarlög um áhafnir íslenskra skipa. Með frumvarpinu er verið að einfalda lagaumhverfi um áhafnir skipa og setja ákvæði um þær í ein lög í stað fjöggra laga. Markmið laganna er að tryggja öryggi áhafna, farþega og skipa og efla varnir gegn mengun sjávar. Markmiðið skal náð með því að gera tilteknar kröfur um m.a. menntun og þjálfun, aldur, heilsu, öryggisfræðslu, öryggismönnun eða lágmarksmönnun skipa, lögskráningu, vinnu- og hvíldartíma. Lögnum er ætlað að stuðla að jöfnu aðgengi kynjanna að menntun, þjálfun og störfum um borð í íslenskum skipum. Meginmarkmiðið með frumvarpinu er að sameina, samræma og einfalda lagaákvæði og í nokkrum atriðum eru lagðar til efnisbreytingar á ákvæðum laganna út frá þeirri reynslu sem skapast hefur eftir gildistöku laganna og breytingum skv. alþjóðasamningum og EES-gerðum sem tekið hafa gildi gagnvart Íslandi.

Samtökin ferðapjónustunnar, SAF hafa farið yfir efni frumvarpsins og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Samtökin lýsa ánægju með að lögð séu fram drög að lögum sem hafa m.a. það markmið að einfalda, samræma og sameina ákvæði sem mun án efa skila sér inn í rekstrarumhverfi útgerðanna. Stjórnvöld hafa á sl. árum verið að einfalda regluverkið og er það jákvætt. Stjórnvöld eiga að leggja meiri ábyrgð á útgerðirnar sjálfar með því að Samgöngustofa samþykki öryggisstjórnunarkerfi útgerða og hafi svo eftirlit með staðbundnum æfingum. Þetta á sérstaklega við um stuttar útsýnis- og skoðunarferðir.

Frumvarpið hefur tekið smávægilegum breytingum frá síðasta þingi og er farið yfir þær breytingar í greinargerð með frumvarpinu. Samtökin skiluðu inn umsögn við frumvarpið þá og einnig þegar það var í samráðsgátt stjórnvalda. Samtökin bentu á að stuttar útsýnis- og skoðunarferðir yrðu sérstakur flokkur áhafnalaga. Það er búið að bregðast við með því að nú er vísað til útsýnis, skoðunar- og veiðiferða ferðamanna í 5. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Á það skal bent að ennþá er verið að tala um útsýnis- og skoðunarferðir í 18. tölul. 2. gr. Er væntanlega um yfirsjón að ræða.

Samtökin hafa lengi kallað efir skýrum reglum og rekstrarumhverfi

Þróun og nýsköpun útgerða í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum hefur verið mikil og veitt viðskiptavinum tækifæri til að velja margskonar fararmáta með skipum og bátum. Gera má ráð fyrir að um 1000 manns vinni í greininni en um 400 þúsund ferðamenn nýttu sér þjónustu skipa og báta í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum árið 2019. Því er um afar mikilvægan atvinnuveg að ræða. Á þeim rúmu þrjátíu árum sem stuttar útsýnis- og skoðunarferðir hafa verið í boði hér við land hafa þau atvik sem upp hafa komið í umræddum ferðum verið leyst fagmannlega og allar útgerðir verið til taks ef á aðstoð þarf að halda. Öryggisútbúnaður farþega og íverustaðir hafa verið þróaðir samhliða vexti með það að markmiði að bjóða upp á þægilega sjóferð þar sem farþegar geta notið þeirrar náttúru og þess útsýnis sem fyrir augu ber.

Til að stuðla að bættu öryggi hafa Samtök ferðaþjónustunnar og útgerðir um mjög langt skeið verið í stöðugum samskiptum við Samgöngustofu og áður Siglingastofnun um rekstrarumhverfi þeirra skipa og báta sem um ræðir. Í því samhengi hafa samtökin kallað eftir skýrum regluramma utan um stuttar útsýnis- og skoðunarferðir með öryggisstjórnunarkerfi að leiðarljósi sem fjallar um öryggismönnun (áhöfn), öryggisbúnað og aðstæður um borð. Öryggisstjórnunarkerfi á að vera útbúið af útgerð með áhættumat, viðbragðsáætlanir og atvikaferli í huga.

Á meðal þeirra mála sem samtökin hafa rætt við stjórnvöld í yfir áratug er krafa um stöðu stýrimanns á skipum í umræddum útsýnis- og skoðunarferðum. Sjónarmið samtakanna hefur verið að stýrimaður er óþarfi í þeim stuttu ferðum sem um ræðir þar sem vaktstaða er langt undir því viðmiði sem fyrirbyggjandi lög gera ráð fyrir þar sem umræddar ferðir eru ekki lengri en fimm klst. Þá hafa samtökin einnig bent á að skipstjóri geti gegnt stöðu vélstjóra að ákveðnum skilyrðum uppfylltum án tillits til farþegafjölda.

Tímabundin mönnunar og öryggisnefnd

Samtökin hafa talað fyrir og leggja til að í reglugerð ráðherra um öryggismönnun farþegabáta og farþega- og flutningaskipa komi tímabundið ákvæði um að á meðan unnið er að innleiðingu laganna verði skipuð þriggja manna mönnunar- og öryggisnefnd fyrir farþegaskip og báta í stuttum útsýnis- skoðunar og veiðiferðum. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa samgönguráðuneytis, einum fulltrúa Samtaka ferðaþjónustunnar og einum fulltrúa Slysavarnaskóla sjómanna. Hlutverk nefndarinnar er að fara yfir álitamál sem tengjast mönnun og öryggi umræddra skipa og báta. Þá skal nefndin kalla eftir rökstuðningi fyrir tillögum að öryggismönnun með farsvið og öryggi farþega í fyrirrúmi.

Samtökin lýsa yfir miklum vonbrigðum með að ekki hafi tekist að búa útgerðum í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum skýran ramma um mönnum og skynsamlegt öryggi, þrátt fyrir meira en áratug af samskiptum. Skorað er á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að taka þetta mál föstum tókum og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að gera umhverfi útgerða í stuttum útsýnis- og skoðunarferðum betra.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnasjóri